



MANNVIT



AÐALSKIPULAG NORÐURÞINGS 2010 - 2030

Tillaga að breytingu á

aðkomu raforku að Iðnaðarsvæði I-1 á Bakka

SKIPULAGS- og MATSLÝSING

9. september 2013



MANNVIT



Mannvit Verkfræðistofa

Grensásvegur 1
108 Reykjavík
Sími: 422 3000
Fax: 422 3001
@: mannvit@mannvit.is
www.mannvit.is

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	1
2.	Breytt málsmeðferð.....	1
3.	Gildandi aðalskipulag og áætlanir.....	2
4.	Fyrirliggjandi ákvarðanir.....	4
5.	Staðhættir.....	4
6.	Umhverfisáhrif.....	5
7.	Skipulagsferli.....	6
8.	Heimildir.....	7

Forsíðumynd: Björn Jóhannsson – júní 2013

Myndefni: Útsýni af Gónhól út á Bakka- og Héðinshöfða

1. Inngangur.

Sveitarfélagið Norðurþing fyrirhugar að breyta aðalskipulagi vegna breytingar aðkomu raforku að iðnaðarsvæði (I-1) á Bakka, norðan við Húsavík.

Forsendur hafa breyst frá því að Aðalskipulag Norðurþings 2010 – 2013, var samþykkt í desember árið 2010. Áform um eitt stórt iðjuver á Bakka hafa verið slegin út af borðinu og er nú stefnt að uppbyggingu fleiri, en smærri aðila. Áformað er að iðnaðarsvæðið (I-1) sem er 201 ha að stærð í heild, byggist upp í nokkrum áföngum og nú er syðsti þriðjungur iðnaðarsvæðisins í skipulagsferli, sem 1. áfangi deiliskipulags á Bakka ⁷.

Vegna þessara breyttu forsendna í iðnaðaruppbyggingu á iðnaðarsvæðinu á Bakka er áformað að tengivirki raforku verði fært nær miðju svæðisins og lega aðliggjandi háspennulína (220 kV) breytt á um 5 km kafla þar austur af. Samkvæmt deiliskipulagstillögu 1. áfanga er gert ráð fyrir spennivirki innan áfangans í námunda við skipulagða lóð fyrir framleiðslu kísilmálms, sem áætlað er að hafi 52-104 MW aflþörf.

Samhliða ofangreindri breytingu er áformað að færa inn á uppdrátt nýja legu Tjörneslínu (11 kV), sem skv. gildandi aðalskipulagi er loflína og liggur í gegnum lóðir iðnaðarsvæðisins. Breytingin felst í því að jarðstrengur var plægður niður í veghelgunarsvæði þjóðveggar og loftlínan síðan felld eftir að strengurinn var straumsettur í febrúar 2013.

Útfærsla skipulagsbreytingarinnar mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti og stefnu sveitarfélagsins um uppbyggingu á svæðinu. Verkefnislýsing þessi verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynnt almenningi.

Greinargerð þessi er unnin í samræmi við 1. mgr. 30. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 6. greinar laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Hér á eftir er gerð grein fyrir forsendum breytingarinnar, fyrirliggjandi stefnu og áherslum sveitarstjórnar og breyttrar málsmeðferðar. Auk þess er greint frá fyrirliggjandi ákvörðunum, staðháttum, áherslum í umhverfismati og áformuðu skipulagsferli með umfjöllun um samráð og kynningar.

2. Breytt málsmeðferð.

Við úrvinnslu deiliskipulagsins var áformað að samhliða yrði unnið að óverulegri breytingu á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir breytingu sem lýst er í inngangi. Þessi áform komu fram í lýsingu deiliskipulags⁶, sem send var Skipulagsstofnun í nóvember 2012.

Tillaga að breytingunni var unnin með greinargerð og umhverfisskýrslu innsettar á skipulagsuppdrátt og auglýst til kynningar á opnum fundi 9. mars 2013, á Hótel Húsavík, þegar jafnhliða var kynnt, í fyrsta lagi „Tillaga að 1. áfanga deiliskipulags á Bakka“ ⁷ (Mannvit hf., 2013) og í öðru lagi frummatsskýrsla PCC SE um kísilmálmverksmiðju: „Kísilmálmverksmiðja á Bakka við Húsavík. – með allt að 66 þúsund tonna framleiðslugetu“. Mat á umhverfisáhrifum. (Efla, 2013).


Á fundi bæjarstjórnar Norðurþings þann 22. mars 2013 er tillagan samþykkt send Skipulagsstofnun sem óveruleg breyting á aðalskipulagi. Í bókun bæjarstjórnar er fram tekið að breytingin uppfylli skilyrði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samkvæmt síðustu leiðbeiningum Skipulagsstofnunar var fallið frá þeirri málsmeðferð og er breytingin sett með þessari lýsingu í formlegt ferli aðalskipulags skv. 1. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, og nú þannig unnin að ekki komi til frekari tafa.

3. Gildandi aðalskipulag og áætlanir.

Gildandi aðalskipulag sem nú er áformað að breyta er Aðalskipulag Norðurbings 2010-2030¹ og samþykkt var í desember 2010. Um er að ræða þann hluta sem fylgir skipulagi þéttbýlis Húsavíkur, nánar tiltekið skipulagssvæði I-1, iðnaðarsvæði að Bakka, norðan við Húsavík, sjá mynd 1.

Í gildandi aðalskipulagi er sýnt spennivirki á norðurhluta iðnaðarsvæðis I-1 (vestan / neðan Þjóðvegur), sem þjóna átti þörfum allt að 348.000 tonna álvers á vesturhluta iðnaðarsvæðisins og tilheyrandi mannvirkja. Að spennivirkinu er sýndar tvær 220 kV háspennulínur, austan frá háhitasvæðinu í Þingeyjasýslum og vestur yfir Þjóðveg 85, að spennivirki inn á álverslóðinni.



Mynd 1. Aðalskipulag 2010 - 2030.

Hluti úr þéttbýlisupprætti, frá des. 2010. Sýnir staðsetningu spennivirkis og legu lína inn á Iðnaðarsvæði I-1 á Bakka (gráir fletir).

Vegna breyttra stóriðjuáforma á iðnaðarsvæðinu áformar Landsnet hf. að færa spennivirkið nær þeim notendum sem nú eru til skoðunar og gerð er grein fyrir í 1. áfanga deiliskipulags að Bakka. Áætlanir um þessa færslu koma fram í tilkynningu Landsnets hf. til ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu, dags 18. júní 2012², þar sem breytingar eru tiundaðar, bæði staðhættir og

umverfisáhrif áætlunar og tengsl við aðrar áætlanir. Breytingin er ekki talin matsskyld.

Í áætlunum Norðurbings sem fram koma í 1. áfanga deiliskipulags að Bakka⁷ er gerð grein fyrir nýrri staðsetningu spennivirkis til samræmis við þessar áætlanir Landsnets hf., sjá mynd 2 og 3. Breyting felst í því að lóð fyrir tengivirki er skipulögð nyrst og austast á deiliskipulagsreit 1. áfangans, u.þ.b. 700 m sunnar en fram kemur í gildandi aðalskipulagi, þeim reit sem er austan við Þjóðvegur, en í betri tengslum við þær áætlanir sem þar eru fram settar.




Mynd 2. Breyting ASK

Ný staðsetning spennivirkis og lega háspennulína innfærð.

Mynd 3. Lóð spennivirkis
Hluti úr tillöguupprætti deiliskipulags – 1. áf.



Lega tveggja háspennulína (220 kV) að tengivirkinu, frá virkjunum á háhitasvæðinu í Þingeyjarsýslum, Hólasandslína 1 og Þeistareykjalína 1, breytist vegna þessara áforma á 4-5 km kafla, frá nýrri staðsetningu spennivirkis og austur að brotpunkti sem sýndur er á línunum norðan við Botnsvatn. Línustæðin verða áfram í tveimur samhliða beinum línunum eftir breytingu.



Mynd 4. Aðalskipulag 2010-2030.

Hluti úr sveitarfélagsupprætti. Lega samhliða háspennulína að iðnaðarsvæði í þéttbýli.

Í kafla greinargerðar aðalskipulagsins¹ um veitur / rafveita er fjallað um þessar háspennulínur:

[R2]: Þeistareykjalína 1 (220 kV).

Landsnet hf. áformar að reisa tvær 220 kV háspennulínur frá fyrirhuguðum jarðvarmavirkjunum í Þingeyjarsýslum að stóriðjulóð á Bakka við Húsavík. Gert er ráð fyrir tveimur flutningslínunum frá Hólasandi og til tryggja afhendingaröryggi og að draga úr sjónrænum áhrifum að Þeistareykjum eru þær aðskildar á Hólasandi. Innan marka Norðurbings nefnast línurnar Þeistareykjalína 1 (R2) og Hólasandslína 1 (R3). Fyrir liggur frummatsskýrsla um háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum, dags. apríl 2010, skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum ásamt frummatsskýrslu, dags. apríl 2010, fyrir sameiginlegt mat háspennulína og álvers á Bakk.

Gert er ráð fyrir að Þeistareykjalínu 1 liggi frá Þeistareykjum yfir Jónsnípuskarð, síðan vestan Höskuldsvatns og austan Húsavíkurfjalls að Bakka. Línan mætir Hólasandslínu 1 vestan Höskuldsvatns og þaðan fara þær samsíða til norðurs, austur við Kubbsfjall og þaðan til norðvestur að Bakka.

Við nánari hönnun á legu línunnar er heimilt er hliðra línunni lítillega innan 300 m beltis beggja vegna línunnar. Sjá um helgunarsvæði í almennum texta um rafveitu að ofar.

[R3]: Hólasandslína 1 (220 kV).

Sjá að ofan um Þeistareykjalínu 1.

Gert er ráð fyrir Hólasandslínu 1 frá tengivirki á Hólasandi í norðvestur og vestan Lambafjalla til norðurs að Bakka við Húsavík. Línan kemur að Þeistareykjalínu 1 vestan Höskuldsvatns og þaðan fara þær samsíða til norðurs, austur við Kubbsfjall og þaðan til norðvestur að Bakka.

Við nánari hönnun á legu línunnar er heimilt er hliðra línunni lítillega innan 300 m beltis beggja vegna línunnar.

Færsla línanna seinni helming leiðarinnar fer út fyrir „leyfileg mörk“ hliðrunar, þar sem hliðrunin er meiri en 300 m.

Iðnaðarsvæðið (I-1) er tvískipt og skiptist um þjóðveg 85. Leiðarljós 1. áf. deiliskipulags⁷ er að svæðið byggist upp sem minnst dreifð byggð iðnaðar á reitnum vestan þjóðvegjar og þess vegna skipulögð í áföngum. Einnig koma fram áform um að fresta sem lengst mannvirkjagerð á þeim reit sem er austan þjóðvegjar, þannig að ásynd lands í austur haldist sem lengst óröskuð (nema bygging spennivirkis og slökkvivatnstjarnar).

Áform Norðurljósa gera þar að auki ráð fyrir að raforka frá spennivirki að notendum vestan Þjóðvegjar verður flutt með jarðstrengjum undir veg í stað loftlína yfir veg. Þannig á vegfaranda um Þjóðveg að finnast hann aka framhjá iðnaðarsvæði í stað þess að aka í gegnum það.

Ásamt ofangreindum breytingum á aðkomu raforku að iðnaðarsvæðinu er áformað að færa inn á aðalskipulagsuppráttinn nýja legu Tjörneslínu (11 kV) sem nú er sýnd sem loftlína sem fer í gegnum skipulagsreiti iðnaðarsvæðisins og truflar þau byggingaáform sem eru á reitunum. Raflínan hefur nú þegar verið færð (sumarið 2012 af Rarik) og í stað loftlínunnar er búið plægja niður jarðstreng í veghelgunarsvæði austan Þjóðvegjar nr. 85. Dýpi á streng er 0,9-1,0 m dýpi og lagður í raskað land innan helgunarsvæði Þjóðvegjarins. Þannig er línan komin út úr skipulagsreitum iðnaðarsvæðisins og var strengurinn straumsettur í febrúar 2013. Þetta er í samræmi við áætlanir sem fram koma í gildandi aðalskipulagi.

Í kafla greinargerðar Aðalskipulags Norðurljósa 2010-2030¹ um veitur / rafveita er fjallað um aðrar línur:

[Aðrar línur]: Tjörneslína (11 kV).

Háspennulína frá Skjólbrekku norðan Húsavíkur og norður að Tjörnesi. Hluti línunnar liggur í jörð og er hann sýndur sem brotalína á þéttbýlisupprætti Húsavíkur.

Aðalskipulagið tekur ekki til raflína og rafstrengja með lægri en 33 kV spennu og eru þær því einungis sýndar á þemaupprætti til skýringar en ekki á sveitarfélagsupprætti. Leyfi fyrir slíkum línunum eða jarðstrengjum er unnt að veita á grundvelli gagna með umsókn um framkvæmdaleyfi, að undangengnu deiliskipulagi eftir því sem við á, og að teknu tilliti til stefnu þessa aðalskipulags um verndun náttúru og landslag, og ákvæða um verndarsvæði. Leitast skal við að leggja línur í jörð og meðfram vegum og stígum.

4. Fyrirliggjandi ákvarðanir.

Eins og fram kemur hér að framan er fjallað um aðkomu raforku að skipulagssvæðinu greinargerð Aðalskipulags Norðurljósa 2010-2030. Framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000, eins og fram kemur í 22. tl. í 1. viðauka laganna. Á undirbúningstíma álversáforma fór fram mat á háspennulínunum (220 kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík og jarðstreng (132 kV) frá Bjarnaflagi að Kröflu³ og einnig í sameiginlegu mati álvers og háspennulína⁴. Niðurstaða heildaráhrifa eru umhverfisáhrif af lagningu línanna talin viðunandi.

Möguleiki á breytingu er varðar færslu spennivirkis og breyttri legu þessara tveggja háspennulína, Hólasandslínu 1 og Þeistareykjalínu 1 á 4-5 km kafla næst iðnaðarsvæðinu á Bakka, var kynnt Skipulagsstofnun með tilkynningu Landsnets hf., dags. 18. júní 2012 - „Breytingu á legu Þeistareykjalínu og Hólasandslínu við Bakka – Færsla á tengivirki“⁵. Þann 25. júlí 2012, ákvarðar Skipulagsstofnun⁹ að breytingin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli breyting því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Varðandi niðurplægingu Tjörneslínu (11 kV) er stærð hennar undir þeim mörkum sem fram kemur í viðaukum laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun hefur úrskurðað⁸ um að framkvæmd við niðurplægingu raf- og ljósleiðarastrengja sé ekki matskyld, þar sem plægning sé af allt annarri stærðargráðu, en þegar strengir eru "grafnir niður eða lagðir í stokk" eins og kveðið er á um í lið 3.3 í viðauka 2 í lögum 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

5. Staðhættir.

Ný staðsetning spennivirkis er innan marka skipulagsreits iðnaðarsvæðis I-1, eins og það er afmarkað í Aðalskipulagi Norðurljósa 2010-2030¹, og því ekki er þörf á breytingum ytri marka skipulagsreitsins.

Svæðið sem háspennulínurnar, Hólasandslína 1 og Þeistareykjalína 1 liggja um, utan iðnaðarsvæðis á Bakka er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi¹. Á því verður engin breyting með hliðrun þeirra á þeim 4-5 km kafla sem er næst Bakka.

Á norðurhluta iðnaðarsvæðis þar sem í aðalskipulagi var áætlað að reisa spennivirki er votlendi sem nefnt er Selmýrar, og fellur svæðið undir skilgreiningu 37. gr. náttúrulega um sérstaka vernd mýra og flóa, þar sem mýrin er yfir 3 ha að stærð. Með þessari breytingu aðalskipulags er bæði spennivirki og vestasti hluti línustæðis (2-4 staurastæður) fært út af þessu svæði. Með nýrri staðsetningu spennivirkis færast mannvirkin á svæði með melum og móum grónum fjalldrapa, kræki- og beitilyngi.

Lega nýs jarðstrengs Tjörneslínu um iðnaðarsvæðið er meðfram vegslóða að Húsavíkurfalli niður að Þjóðvegi 85. Strengurinn fylgir síðan Þjóðveginum innan veghelgunarsvæðis hans, norður að Reyðará og þaðan út á Tjörnes. Lega Tjörneslínunnar ofan/austan Húsavíkur er í jörð og því er þetta áframhald þeirrar framkvæmdar, sem er einnig í góðu samræmi við áætlanir aðalskipulags¹ um að koma slíkum línunum í jörð meðfram vegum og stígum.

Staðsetning jarðstrengs í veghelgunarsvæði Þjóðvegjar á sveitarfélagsmörkum milli Norðurlands og Tjörneshrepps er fárra metra hliðrun, frá því sem loftlínan lá áður á þessum stað.

6. Umhverfisáhrif.

Mat á umhverfisáhrifum háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík lauk í nóvember 2010 með álitni Skipulagsstofnunar. Þar koma fram viðarmikil gögn sem unnin voru vegna þeirrar vinnu. Í tilkynningu Landsnets hf. til Skipulagsstofnunar⁵ koma fram þeir þættir sem talið er að færsla spennivirkis og breytt lega háspennulínanna þurfi að koma til skoðunar:

- Ásýnd og landslag
- Fornleifar
- Gróðurfar

Ekki er talin þörf á umfjöllun um:

- Vernd og landslag (Engin áhrif á verndar- eða friðlýst svæði).
- Ferðaþjónusta og útivist (Mun ekki breytast)
- Jarðmyndanir (Engin jarðfræðileg sérstaða)
- Vatnafar, grunnvatn (Engin breyting vegna áforma)

Skipulagsstofnun aflaði umsagna Norðurlands, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Umhverfisstofnunar, Orkustofnunar og Fornleifaverndar ríkisins á framlögðum gögnum tilkynningar og töldu þessar aðilar að breyting á legu línanna væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum eins og þeim var lýst í tilkynningunni.

Ásýnd og landslag. Þó svo að áhrif frá háspennulínunum hafi verið metið neikvæð, en ekki óafturkræf, þá hefur færsla mannvirkja lágt gildi. Stytting lína austur fyrir Þjóðveg (1-2 möstrum færri á hvorri línu) með nýrri staðsetningu spennivirkis er mat flestra að valdi minni umhverfisáhrifum. Hliðrun línanna verður til þess að mannvirki færast fjær nágrönnum á Héðinshöfða og því jákvæðara er varðar sjónræn áhrif og sama gildi um það að línurnar fari ekki yfir Þjóðveginn varðandi vegfarendur.

Fornleifar. Samkvæmt nýrri skráningu fornleifa sem unnin var í tengslum við tilkynningu Landsnets hf. og er viðauki hennar, er á fyrirhuguðu svæði 10 minjastaði skráðir, leiðir/götur, hleðslur, tóftir og vörður sem taldir eru í

hættu eða stórhættu. Meðal þess sem þyrmt er við færsluna er einstæð, forn skilarétt. Í samanburði við eldri línulögn telur Fornleifastofnun að ný tillaga að legu háspennulínanna virðist hentugri með hliðsjón af fornleifum, en stofnunin óskar eftir samvinnu um að tryggja að framkvæmdir raski ekki fornleifum af vangá.

Gróður. Tilfærslan er talin jákvæð. Land í nýju línustæði er að mestu þurr fjalldrapamói, þar sem eru ríkjandi eru fjalldrapans, kræki- og beitleyng. Með nýrri leið er ekki farið yfir votlendi, eins og á þeirri leið sem áður var áætlað fara og ný lega því jákvæðari hvað gróður og votlendi varðar.

Niðurstaða. Af framlögðum gögnum úrskurðar Skipulagsstofnun⁹ að framkvæmd við færslu spennivirkis muni hafa í för með sér minni neikvæð umhverfisáhrif en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir. Háspennulínur þvera ekki þjóðveginn eins og til stóð og háspennulínur færast lengra frá bænum Héðinshöfða með breytingunni. Eins verður minna rask á votlendi en áætlað var.

Tjörneslína. Umhverfisáhrif af lagningu jarðstrengs og aflögn Tjörneslínu (11kv) sem loftlínu er metin minni að óbreyttu og til bóta, bæði vegna afhendingaröryggis roforku til notenda og einnig vegna minni sjónrænna áhrifa. Sjónræn áhrif vegna lagningar línu í jörð eru talin óveruleg þegar loftlína hefur verið fjarlægð. Jarðstrengurinn er plægður niður og í þeirri framkvæmd er ekki um jarðvegsflutninga ræða vegna plægingarinnar né slóðagerð. Áhrif af lagningu jarðstrengsins í raskaða jörð veghelgunarsvæðis á vatn og gróður er talin óveruleg.

Umhverfisskýrsla. Aðalskipulagsbreytingin er varðar spennivirki og aðliggjandi háspennulínur er háð mati skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætla. Eins og greint hefur verið frá eru áhrif breytinga á legu háspennulína að Bakka á umhverfið þekkt og verður greint frá þeim í umhverfisskýrslu, sem er hluti af greinargerð á tillöguupprætti aðalskipulagsbreytingar.

7. Skipulagsferli.

Kynning og samráð. Skipulagslýsing þessi (lýsing á skipulagsverkefninu) verður send Skipulagsstofnun til umsagnar, einnig verður leitað eftir sjónarmiðum annarra umsagnaaðila: Umhverfisstofnun, Minjavernd ríkisins og Tjörneshreppur. Lýsingin verður einnig kynnt almenningi á heimasíðu Norðurlþings og hún hengd upp til sýnis og kynningar á skrifstofum sveitarfélagsins. Þannig gefst aðilum tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við lýsinguna.

Að lokinni gerð tillögu aðalskipulagsbreytingar og umhverfisskýrslu verða gögnin auglýst og kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum með birtingu þeirra á heimasíðu og á opnu húsi á skrifstofum Norðurlþings. Skipulagstillagan verður samtímis send Skipulagsstofnun og umsaganaðilum. Auglýstur umsagna og athugasemdafrestur er 6 vikur.

Samþykkt breyting aðalskipulags verðu send Skipulagsstofnun (innan 8 vikna frá því að athugasemdafrestur rann út). Skipulagsstofnun kemur etv. athugasemdum á framfæri innan 3. vikna frá því að skipulagsgögn bárust. Bæjarstjórn birti auglýsingu um gildistöku í Stjórnartíðindum (innan 3 mánaða frá endanlegri afgreiðslu Bæjarstjórnar).

Auglýsing aðalskipulagsbreytingarinnar fer skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tímaáætlun. Miðað við málsmeðferð breytingarinnar skv. 1. mgr. 36. gr. um gerð aðalskipulags sé að ræða er ferlið áætlað (til bráðabirgða) sem hér segir (lágmarkstími):

21.08.2013 Tillaga að lýsingu skipulagsverkefnis lögð fyrir skipulagsnefnd

22.08.2013 Tillaga að lýsingu skipulagsverkefnis lögð fyrir bæjarstjórn

- 23.08.2013 Skipulagslýsing breytingar aðalskipulags auglýst og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum, hún auglýst og birt á heimasíðu, þá hengd upp til kynningar og sýnis á skrifstofum Norðurþings. Lýsingin auglýst í Skránni 29.08.2013. Athugasemdarfrestur gefinn til 10.09.2013
- 11.09.2013 Tillaga að breytingu aðalskipulags lögð fyrir skipulagsnefnd
- 17.09.2013 Tillaga að breytingu aðalskipulags lögð fyrir bæjarstjórn
- 19.09.2013 Tillaga að breytingu aðalskipulags auglýst og send Skipulagsstofnu og umsagnaraðilum, hún birt á heimasíðu og hengd upp til sýnis á skrifstofu Norðurþings
- 31.10.2013 Frestur til athugasemda liðinn.
- 13.11.2013 Skipulagsnefnd fjallar um athugasemdir, ef einhverjar eru og samþykkir viðbrögð við þeim.
- 19.11.2013 Tillaga að aðalskipulagsbreytingu lögð fyrir bæjarstjórn.
- 21.11.2013 Samþykkt aðalskipulagsbreyting send Skipulagsstofnun
- 12.12.2013 Etv. athugasemdir Skipulagsstofnunar (frestur liðinn).
- 18.12.2013 Gildistaka aðalskipulagsbreytingar auglýst í Stjórnartíðindum.

8. Heimildir.

- [1] Alta, 2010. Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030.
- [2] Landsnet hf., 18.júní.2012. Erindi til Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.
- [3] Mannvit hf., 2010. „Háspennulinur (220 kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakkavið Húsavík. - Jarðstrengur (132 kV) frá Bjarnarflagi að Kröflu. Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit og Norðurþing.“ MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM. Matsskýrsla.
- [4] Mannvit hf., 2010. „Sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík.“ Frummatsskýrsla.
- [5] Mannvit hf., 2012. „Breyting á legu Þeistareykjalínu og Hólasandslínu. Færsla á tengivirki.“ Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdar.
- [6] Mannvit hf., 2012. „Deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði á Bakka, Húsvík, Norðurþingi. Lýsing á skipulagsverkefni / tillaga 02a.
- [7] Mannvit hf., 2013. „Iðnaðarsvæði á Bakka. Norðurþing. Tillaga að deiliskipulagi, 1. Áfangi.“
- [8] Skipulagsstofnun 12.10.2011, Bréf til Rangárþings ytra um: „Lagning raf- og ljósleiðarastrengja frá Vatnsfelli að Snjóölu með viðkomu í Veiðvötnum“. [Tilv. 201110023/2.8.2]
- [9] Skipulagsstofnun, 25. júlí 2012. „Breytinga á legu Þeistareykjalínu og Hólasandslínu við Bakka – Færsla á spennivirki“. Ákvörðun um matsskyldu.